

## Efling kennara í skrifum raundæma: Leiðsögn til að styrkja kennsluhætti við Háskóla Íslands

Þróstur Olaf Sigurjónsson, Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands.

**Lykilorð** — Raundæmi, kennsluhættir, virkni nemenda, hlutverk háskóla

### I. INNGANGUR

Háskóli Íslands leggur upp með fjórar áherslur í stefnu sinni til ársins 2026. Allar áherslurnar lúta að því hlutverki Háskólans að kennsla og rannsóknir styðji við blómlegt samfélag og sterkt atvinnulíf. Háskólinn útskrifar nemendur sem verða sérfræðingar sem leysa eiga áskoranirnar. Það á því að vera mikilvægur hluti menntunar og þjálfunar nemenda að taka glímuna við raunverulegar aðstæður. Kennarar sjálfir þurfa að vera í stakk búnir til að skilja þær áskoranir og leiða nemendur í gegnum mögulegar lausnir. Kennsluhættir sem raungera slíkar aðstæður, eru þegar raundæmi (e. cases) eru nýtt í kennslu. Árangursríkast er þegar kennarar sjálfir skrifa raundæmin.

Kennsla með raundæmum getur verið áhrifarík þar sem hún dregur nemendur inn í raunverulegar áskoranir og þjálfar þá í gagnrýnni hugsun (Ellet, 2007). Með því að greina raunverulegar aðstæður öðlast nemendur hagnýta reynslu og dýpri skilning á fræðilegum hugtökum (Ertmer og Quinn, 2003). Þessi kennsluaðferð getur einnig stutt við samvinnu milli nemenda og við kennara, og gert þannig fjölbreyttum sjónarmiðum hátt undir höfði (Herreid, 1994).

Þessi rannsókn gengur út á það að skilja gagnsemi verkefnis sem fólst í því að þjálfva valda kennara til þess að skrifa raundæmi, undir leiðsögn. Styrkur fékkst frá Kennslumálasjóði fyrir framkvæmd verkefnisins. Auglýst var eftir áhugasömum kennurum af Félagsvísindasviði til þátttöku. Fimm kennarar af sviðinu sóttu um samstarf, það er að segja að eiga samvinnu við tvo leiðbeinendur um skrif raundæma. Faglegur „Case Writer“ starfaði

með kennurunum haustið 2024, frá ágúst til desember. Háskóli Íslands verður útgefandi raundæmanna í gegnum Háskólaútgáfunna.

Ekki hefur verið áður gerð tilraun sem þessi. Það er að segja að bjóða kennurum upp á leiðsögn við skrif raundæma. Á meðan verkefninu stóð, er reynsla kennaranna metin. Rannsóknin gengur þannig út á að vinna stöðumat, og draga ályktanir um bestu leiðir til þess að gera kennara sem best hæfa til þess að skrifa eigin raundæmi.

### II. AÐFERÐ

Um ræðir eigindlega aðferð sem byggir á á viðtölum við þá fimm háskólakennara sem tóku þátt. Hálfopnum viðtölum var beitt og var markmiðið að kanna reynslu þátttakenda, hvað hvatti þá og hverjar voru áskoranir sem þeir mættu við skrif raundæmanna. Viðtölin höfðu enn fremur að markmiði að skilja hvaða hugmyndir þátttakendur höfðu til hagnýtingu raundæmanna í kennslu. Spurningarnar lutu þess vegna að væntingum þeirra, erfiðleikum við að skrifa raundæmi og ávinning. Þemun voru fengin með könnun sem fór fram áður en viðtölin voru tekin. Spurningarnar höfðu að markmiði að kanna upplifun þátttakenda af verkefninu í október 2024. Á þeim tímapunkti er verkefnið hálfnað. Þannig ekki ræðir um lok verkefnisins þar sem ávinningur og áskoranir þess í heild eru gerðar upp. Heldur er staðan tekin þegar það er hálfnað. Þessum spurningum svöruðu þátttakendur:

- Af hverju ákvaðst þú að taka þátt í verkefninu að skrifa raundæmi?
- Hvaða væntingar hafði þú til þátttöku í verkefninu?
- Hvað var það erfiðasta við að byrja að skrifa raundæmi? Hvernig tókst þér að yfirstíga þær áskoranirnar?

- Hvað kom þér mest á óvart (ef eitthvað) þegar þó hófst vinnuna við að skrifa raundæmi?
- Hvernig hefðir þú getað undirbúið þig betur fyrir að skrifa raundæmi?
- Hversu gagnlegt var námskeiðið um skrif raundæma, í ágúst (við upphaf verkefnisins)?
- Ertu að glíma við einhverjar áskoranir varðandi það að halda áfram með skrif raundæmisins?
- Hvernig ætlar þú að nota raundæmið þitt í kennslu? Hvernig mun það styðja við kennsluáferðina þína?
- Finnst þér raundæmi hæfa þinni fræðigrein vel?

Rannsóknin byggir á fleiri stöðumötum sem unnin verða á næstu mánuðum, eftir því sem verkefninu vindur fram. Markmið er að rannsóknin varpi ljósi á áskoranir og tækifæri sem kennarar standa andspænis gagnavart við skrif raundæma sem þeir hyggjast nýta í kennslu.

### III. NIÐURSTÖÐUR

Kennararnir tóku þátt í verkefninu af margvíslegum ástæðum, en allar miðast þær við að efla nám nemenda og tengja fræðilega þekkingu við raunverulegar lausnir. Einn þátttakandi, sagði þó að skrif á raundæma myndi leiða í ljós muninn (fyrir viðkomandi) á að skrifa raundæmi sem rannsókn annars vegar og fyrir kennslu hins vegar. Flestir sáu tækifæri til að dýpka þekkingu sína á aðferðinni og telja hana geta stuðlað að aukinni þátttöku nemenda, gagnrýninni hugsun og hagnýtingu fræðanna. Einn nefndi sem ástæðu, að vilja öðlast innblástur til að skrifa skipulagðari og flóknari raundæmi. Annar kennari, sem kennir siðfræði, taldi að raundæmi gæti stutt við dýpri umræður við nemendur, þegar um ræðir að lesa siðferðileg álitamál.

Þátttakendur bentu á ýmsar áskoranir við upphaf skrifanna á raundæmunum, einkum varðandi gagnaöflun, val á viðfangsefni og skilning á uppbyggingu raundæmis. Að ná tengslum við viðmælendur til að öflunar gagna reyndist mörgum erfitt. Öðrum fannst erfitt að skipuleggja raundæmin, það er að segja að átta sig á hvaða upplýsingar þyrfti og hvernig ætti að byggja upp raundæmi. Vinnustofa var haldin fyrir þátttakendurnar í upphafi tímabilsins. Hún virðist

hafa hjálpað mikið við að varpa ljósi á ýmis hagnýt atriði við skrif raundæma og efldi sjálfstraust þátttakenda. Að skrifa hina ýmsu hluta raundæmanna reyndist áskorun. En með því að brjóta ferlið niður í þrep (yfirlit, frumdrög, lokadrög) reyndist auðveldara að takast á við verkefnið. Enn fremur að finna viðeigandi og áhugavert viðfangsefni tók meiri tíma en ætlað var og kallaði í sumum tilfellum á samtál við samstarfsfólk, skoðun námskrár og ígrundunar á námsmarkmiðum námskeiða og námslína. Stuðningur og skipulögð leiðsögn reyndist lykilatriði við að yfirstíga þessar fyrstu hindranir.

Sumt kom þátttakendum á óvart þegar vel inn í skrifin var komið. Meðal þess er hve skýr skilin eru milli raundæma til kennslu og svo vegna rannsókna. Fyrir texta til kennslu þyrfti meira frásagnadrifna áherslu. Enn fremur hagnýtingu þess sem greina á. Þetta reyndist mörgum bæði krefjandi og gefandi. Allir greindu frá mikilvægi þess að koma nemendum í sem raunverulegastar aðstæður.

### IV. UMRÆÐUR

Næstu skref í þessari rannsókn verða þegar þátttakendur eru um það bil að leggja lokahönd á raundæmin. Þá verður mælt hvað þarf til svo skila megi raundæmum til útgefanda. Í kjölfar þess verður aftur framkvæmd mæling, þegar raundæmin hafa verið gefin út og kennd í fyrsta sinn.

Það er forsenda fyrir því að halda áfram með verkefni sem þetta, sem er fyrsta sinnar tegundar, að skilja áskornir sem kennarar verða fyrir við skrif raundæma. Enn fremur er mikilvægt markmið að auka umfjöllun um árangursríka kennsluhætti, og hlutverk raundæma þar.

### TILVÍSANIR

- Ellet, W. (2007). *The Case Study Handbook: How to Read, Discuss, and Write Persuasively About Cases*. Harvard Business Review Press.
- Ertmer, P. A., & Quinn, J. (2003). *The ID CaseBook: Case Studies in Instructional Design*. Prentice Hall.

Herreid, C. F. (1994). Case Studies in Science: A  
Novel Method of Science Education.